KYNNINGARBLAÐ
# Fréttapíp
Fréttarit Félags pípulagningameistara
Nr. 8 – JÚLÍ 2017




# Aðalfundur og Árshátíð 2017

## Félag pípulagningameistara með Aðalfund sinn og Árshátíð 2017 í lok apríl á Hótel Örk

**Félag pípulagningameistara hélt Aðalfund sinn laugardaginn 29. apríl 2017. Eins og venja er til var haldið út fyrir Höfuðborgarsvæðið með fundinn. Að þessu sinni var Aðalfundurinn haldinn á Hótel Örk í Hveragerði.**
**Eins og vænta mátti þá fjölmenntu félagar FP á fundinn, alls um fimmtú félagsmenn og makar þeirra. Eins og áður var sett upp sérstök dagskrá fyrir makana meðan Aðalfundurinn stóð yfir.**

Fundurinn hófst kl. 14:00 með því að Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagningameistara fór í pontu og setti fundinn. Stakk Guðmundur Páll upp á því að Sigurður Ingvar Hannesson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Tók Sigurður síðan við stjórn fundarins og var gengið til fyrirliggjandi dagskrár sem hófst með því að Guðmundur Páll, formaður félagsins kom í pontu og flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár.

**Nýir félagsmenn til liðs við FP**
Guðmundur kom víða við í máli sínu og verður hér stiklað á stóru í ræðu hans.
Guðmundur Pál sagði að á síðasta starfsári hefðu 5 nýir félagsmenn gengið í félagið, auk þess sem einn eldri félagi gekk á ný í félagið. Þessir nýju félagar eru: Viktor Hrafn Einarsson, Þórir Jónas Þórisson, Magni Ragnarsson, Kristófer Þorgeirsson, Jón Örn Bogason og Guðbjörn Þór Þórðarson. Fjórir

*Á myndinni að ofan er Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagningameistara í ræðustól að setja Aðalfund félagsins 2017 á Hótel Örk í Hveragerði. Aðrir stjórnarmenn á myndinni eru, t.f.v. Böðvar Ingi Guðbjartsson, Benedikt Sverrisson, Trausti Guðjónsson og Heimir Guðmundsson.*

af þessum einstaklingum voru á Aðalfundinum og bað Guðmundur Páll fundarmenn að fagna nýjum félögum með lófaklappi.

**10 stjórnarfundir og nokkrir óformalegir**
Stjórn hélt alls 10 fundi á starfsárinu og talsvert marga óformlega fundi og vinnufundi. Einn félagsfundur var haldinn á árinu. Sá fundur var haldinn 26. nóvember 2016, samhliða árlegum Jólafundi félagsins, sem fram fór í Glersalnum. Félagsfund-

*– Sjá framhald greinar á bls. 2&3.*

## Formaður verður með fasta viðveru á skrifstofu félagsins


*Guðmundur Páll formaður FP á vaktinni.*

Ákveðið hefur verið að skrifstofa Félags pípulagningameistara verði opin kl. 9:00-16:00 alla mánudaga nema í júní, júlí og ágúst og frá 15. desember til 15. janúar. Guðmundur Páll Ólafsson verður til staðar og geta félagsmenn hitt hann á skrifstofunni á ofangreindum tíma. Þess utan verður sami háttur hafður á og verið hefur undanfarin ár, það er að stjórnarmenn munu skiptast á að taka símann yfir í sína farsíma.
**Sama gamla góða símanúmerið: 552 9744.**

## FP leggur fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis – Sjá bls. 7

PÍPUM SAMAN!
GEBERIT mapress
QUINN radiators
SABIANA
GROHE
DALLMER
damixa When design makes sense
MEA
REHAU
fischer
DAB WATER•TECHNOLOGY

byko.is
lagnadeild@byko.is
BYKO

# Félag pípulagningameistara með Aðalfund sinn og Árshátíð 2017 í lok apríl á Hótel Örk

*– Framhald greinar af forsíðu*

urinn var með léttu ívafi og áttu stjórnarmenn gott samtal við félagsmenn um þau mál sem hæst ber og verið er að vinna að innan stjórnar. Meðal annars var mikið rætt um innleiðingu Gæðastjórnunarkerfisins og hvernig félagsmenn stæðu sig í innleiðingunni. Menn eru sammála um að krafan um Gæðastjórnunarkerfi sé mest þegar um er að ræða stærri verkefni og þá sérstaklega hjá ríki og borg. Guðmundur kvaðst sannfærður um það að leppun væri á undanhaldi og að Gæðastjórnunarkerfið hefði þar sitt að segja. Þá flutti Sigurður Ingvar fræðandi og áhugaverðan fyrirlestur um störf sín á Indlandi. Þessu næst ræddi Guðmundur Páll um starfsemi nokkurra nefnda félagsins.

**Taxtanefndin:** Taxtanefndin hittist á nokkrum fundum á árinu. Unnið er að því að færa skrána í rafrænt form og stendur sú vinna enn yfir. Umræður eru alltaf í gangi um að breyta og einfalda taxtakerfið. Kannski gerist eitthvað í því á komandi starfsári nýrrar nefndar.

**Félagatalið:** Félagatalið var að venju gefið út í samstarfi við Danfoss og er það 14. útgáfuárið. Næsta útgáfa, 15. útgáfan, verður því á 90 ára afmælisárinu. Félagatalinu var dreift til félagsmanna, ásamt blöðum, bæklingum og barmmerki félagsins.

**Gæða- og úrskurðarnefnd:** Venjulega berast umkvartanir inn á borð stjórnar, þá helst vegna aðila sem ekki hafa réttindi og standa því utan við félagið. Aðeins fá mál snéru að okkar félagsmönnum og leysti stjórn úr þeim málum sem áttu við rök að styðjast. Þá má nefna mál sem koma til kasta stjórnar og snúa að réttindum og stöðu okkar sem meistara og eftirlitskerfið sem á að fylgjast með því.

**Þátttaka í Evrópumóti:** Félagið sendi keppanda, Reyni Óskarsson, til þátttöku í EuroSkills sem fram fór í Gautaborg 1.-3. desember 2016. Var fjallað nánar um keppnina í síðasta Fréttapípi. Reynir stóð sig vel og náði þeim áfanga að klára stykkið og komast í samtals 500 stig. Eru menn sammála um að fara ofan í kjölinn á allri framkvæmd og undirbúningi og draga lærdóm af því sem á undan er gengið í keppnum sem þessum.

**Orlofsnefnd:** Spánarhús.is hefur að undanförnu séð um útleigu á orlofshúsi félagsins á Spáni. Staðan er nú sú að reksturinn er loksins að komast á réttan kjöl og bókanir út sumarið og fram á næsta ár.

**Blaðaútgáfan:** Alls komu út þrjú tölublöð af Fréttapípi á starfsárinu. Blaðinu er dreift til allra félagsmanna, og að auki til stærri Verkfræði- og arkitektastofa, til Byggimngafulltrúa um land allt og fleiri aðila, samtals rífleaga 400 eint. Frétapíp er einnig tiltækt í rafrænu formi á heimsíðu okkar: www.piparinn.is. Það er eftir þessu framtaki tekið hjá öðrum fagfélögum og aðilum tengdum byggingariðnaðinum og fær félagið hrós fyrir. Vil ég þakka Guðjóni Smára, umsjónarmanni útgáfunnar, fyrir gott samstarf.

**Pípulagnakeppnin:** Íslandsmótið í verk- og iðngreinum 2017 fór fram í Laugardalshöllinni 16,-18, mars s.l. Var þátttaka mjög góð og tóku fjórir nemar í pípulögnum þátt í keppninni. Pípulagningameistarar voru duglegir kíkja við og fylgjast með okkar nemum alla keppnisdagana. Vel á sjöundaþúsund grunnskólanemar komu í Laugardalshöllina. Stjórnarmenn og aðrir velunnarar stóðu langar vaktir við básinn „Prófaðu sjálfur“ og hvöttu unga fólkið til að kynna sér nám í pípulögnum.

**Stjórnarkjör:** Varðandi stjórnarkjörið hér á eftir, þá er ljóst að Trausti Guðjónsson á eitt ár eftir í stjórn og Heimir Guðmundsson býður aftur fram krafta sína. Benedikt Sverrisson og Böðvar Ingi Guðbjartsson gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir framlag þeirra til til félagsins á síðustu árum. Jafnframt vonast ég til að þetta sé ekki það síðasta sem við sjáum af þeim í störfum fyrir félagið. Sjálfur hyggst ég bjóða mig aftur fram til formanns.

Að lokinni skýrslu formanns bauð Sigurður Ingvar fundarstjóri Trausta Guðjónssyni, gjaldkera, að koma í pontu og fara yfir reikninga félagsins. Þá fór Trausti einnig yfir og lagði fram skýrslur nefnda og sjóða sem félagið á að fullu eða að hluta til. Loks lagði Trausti fram fjárhagsáætlun og tillögu um félagsgjöld fyrir starfsárið 2017-2018.
Næstur kom í pontu Böðvar Ingi Guðbjartsson og mælti fyrir lagabreytingu varðandi grein nr. 17.
Að þessu loknu var gert kaffihlé.
Eftir kaffihlé var gengið til stjórnarkjörs. Eftirtaldir aðilar skipa stjórn Félags Pípilagningameistara fyrir



**Það var skemmtileg aðkoman að Hótel Örk þegar félagar í Félagi pípulagningameistara streymdu að til Aðalfundar. Fáni félagsins blakti fagnandi við hún í golunni.**

starfsárið 2017-2018:
Guðmundur Páll Ólafsson, formaður.
Heimir Guðmundsson, varaformaður.
Trausti Guðjónsson, gjaldkeri.
Sigurður Ingvar Hannesson, ritari.
Ágúst Gestsson, stjórnarmaður.
Guðmundur H. Jóhannesson, varamaður.

Eftir stjórnarkjör var opnað fyrir liðinn önnur mál. Fyrstu steig í pontu Guðmundur Páll og þakkaði félagsmönnum traustið. Þá ræddi Guðmundur Páll stöðu kærumála vegna réttinda- og löggildingarmála félagsmanna. (sjá umfjöllun bls. 7).
Trausti kom upp og ræddi og fór yfir kostnaðarlíkanið fyrir félagsmenn, sem nú er búið að uppfæra og yfirfara. Trausti ræddi einnig Sumarhús félagsins á Spáni. Tekjuafgangur varð af rekstri hússins á síðasta ári og horfur framundan eru góðar. Norskt flugfélag hyggst fljúga beint á Alecante frá Íslandi, fargjald verður væntanlega 12,500.- kr. á mann aðra leið. Flogið verður vikulega. Fyrir félagsmenn er vikuleiga á húsinu 520 evrur, að auki er svo 20% afsláttur veittur til fálgsmanna.
Guðmundur kom í pontu og fór yfir árangur og lærdóm af þátttöku félagsins í keppnum innanlands og utan. Sagði hann ómetanlega reynslu fást út úr slíkum keppnum, sem auk þess væru mikil hvatn-



*Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagningameistara, flytur skýrslu stjórnar starfsárið 2016-2017.*



*Sigurður Ingvar Hannesson, fundarstjóri.*



*Trausti Guðjónsson, gjaldkeri.*



*Böðvar Ingi Guðbjartsson mælti fyrir lagabreytingu.*




Á myndinni til hægri er Stjórn Félags pípulagningameistara eins og hún er skipuð fyrir starfsárið 2017-2018, t.f.v.: Trausti Guðjónsson, gjaldkeri. Sigurður Ingvar Hannesson, ritari. Guðmundur Páll Ólafsson, formaður. Ágúst Gestsson, stjórnarmaður. Guðmundur H. Jóhannesson, varamaður. Heimir Guðmundsson, varaformaður.




ing fyrir ungt fólk. Guðmundur sagði pípudeild Tækniskólans fullskipaða og komast færri þar að en vilja.
Böðvar Ingi kom í pontu og ræddi m.a. skólamálin. Ræddi hann gjörbreytta og betri aðstöðu á kennslurými í pípudeildinni í Hafnarfirði. Var fundi síðan slitið. Félaga beið girnilegt veisluborð Árshátíðarinnar; gleði og dans fram á nótt.











*Á meðfylgjandi myndum má sjá hluta fundarmanna. Um 50 félagsmenn FP og makar þeirra mættu til Aðalfundar og Árshátíðar á Hótel Örk.*

## 90 ára afmæli FP á næsta ári



Það hefur væntanlega ekki farið framhjá félagsmönnum FP að félagið fagnar stórafmæli á næsta ári, sem sé 90 ára afmæli. Því var ákveðið að Menningar- og skemmtinefnd þetta starfsárið gegndi jafnframt hlutverki 90 ára afmælisnefndar.
Formaður nefndarinnar var kjörin Svanbjörg Vilbergsdóttir. Með henni í þessari mikilvægu nefnd starfa: Óskar Friðbjörnsson, Eyþór Bragi Einarsson, Sigurður Viggó Halldórsson, Magnús Björn Bragason, Hjörleifur Björnsson og Guðmundur Páll Ólafsson.
Á Aðalfundinum komu m.a. upp hugmyndir um að afmælisfundurinn verði haldinn erlendis. Var gerður góður rómur að þeirri hugmynd.






KESSEL EASY CLEAN FITUSKILJUR

- Sérstyrktar til að standa á gólfi.
- Hægt að fá í mörgum mismunandi útfærslum.
- Vandaður stjórnbúnaður.
- Áralöng reynsla.

TENGI

Tengi • Kópavogi • Akureyri • www.tengi.is

## TRYGGJUM MEISTARAFAGMENNSKU OG LÖGGILDINGU Í

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

PÍPULAGNIR
Fagmennska – Færni - Frumkvæði

AH pípulagnir ehf.
Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ
Sími 555 7012 - GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is
AH PÍPULAGNIR

króm o
Króm og Hvítt ehf. - Á
Sími 478 2099 - G
kromoghvitt@

JMH pípulagnir ehf.
Maltakur 3A - 210 Garðabær
GSM. 898 0851 - nonnipip@hotmail.com

TOPPLAGNIR
Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 113 Reykjavík
GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is

Press lagnir ehf
Presslagnir ehf.
Funafold 29 - 112 Reykjavík
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

Sp pípu
Dalhúsum 103 - 112 Reyk
Sigurdur.pipari@gmail.c

STOFNLAGNIR
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf. - Viðarrima 19 - 112 Reykjavík
GSM. 660 0499 - WC@islandia.is

SNITTVÉLIN ehf.
Brekkutröð 3 - 220 Hafnarfirði
GSM 892 3639 - snittvelin@simnet.is

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM. 892 9421 - ellipip@simnet.is

Hlaðhar
GSM. 892 7
Borga

lagnaafl
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
GSM 856 5525

Árni Friðbjarnason ehf.
Pípulagningameistari
Smiðjuvegi 4 - 200 Kópavogi
GSM. 893 0938
arnijulli@simnet.is

Öll alhliða pípulagningarþjónusta
Fagmennska í fyrirrúmi
PÍPULAGNIR
SHV Pípulagnir ehf.
Funafold 54 - 112 Reykjavík
Sími: 587 8715
GSM: 821 1040
shv.pipulagnir@internet.is

SB
Pípulagnir ehf
pí
sk
Ósabakki 13 109 Reykjavík
netfang stefanbr@simnet.is

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is

Benni pípari ehf
Pípulagningaverktaki
Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ
GSM 842 6000
bennipip@simnet.is

NESLAGNIR ehf
Pípulagnaþjónusta
Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ
GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is

Meistara
Pípula
Bæjarflöt 8a – 1
GSM: 893 9110 – 

HS pípulagnir ehf.
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is

RÖRLEGGJARINN ehf.
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

B.Markan ehf. Pípulagnir
Böðvar Markan
660 6690 • 544 8611
lagnir@bmarkan.is
Allt til pípulagna
Löggiltur pípulagningameistari
www.bmarkan.is

LAGNAVI
LÖGGILTUR PÍPULA
Bæjargil 63 - 2
GSM: 847 7128 - lagna

LAGNAVIRKI EHF.
Strandgata 73b – 220 Hafnarfjörður
GSM 896 2017 – villipipari@simnet.is

Vatn ehf.
Eyjólfur Valsson, pípulagningameistari
Skólagerði 40 – 200 Kópavogur
GSM: 898 4611 – eyjolfur3@simnet.is

Tröllalagnir ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

JÓ
Smiðjuveg
GSM 897
jolagnir@s

H P Lagnir ehf
Alhliða pípulagningaþjónusta
Hilmir 820-3722 / Páll 699-4067
hppipulagnir@gmail.com
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGA-MEISTARI

LAGNAFÓÐRUN
Sími 578 8440 svanbjorg@lagnafodrun.is

S.O.S lagnir ehf.
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík
GSM 693 9000
sos@soslagnir.is

vatnsidnadur.net
– GAGNAGRUNNUR
– ÞEKKING – SAGA
Snæbjörn R. Rafnsson
Hraunprýði 12 - 210 Garðabæ
GSM: 660 6201

## Hjá ÍSRÖR færðu pressuvélar og tengi til samsetningar stállagna



Hjá ÍSRÖR færðu einnig PEX-STÁL HITAVEITURÖR/FITTINGS - HITAVEITU - LJÓSLEIÐARA OG GASSKÁPA - ÍDRÁTTARRÖR - VARÚÐARBORÐA - HERPIMÚFFUR og svo margt fleira.

ÍSRÖR
Sími 565 1489 – HRINGHELLA 12 – 221 HAFNARFIRÐI – isor@isor.is – www.isor.is

g hvítt
aleyru 7 - 780 Höfn
GSM. 861 0291
@simnet.is

Pípulagnir Sigurðar
Sólvöllum 6 - 700 Egilsstöðum
GSM: 618 4790
siggalagnir@gmail.com

MIÐSTÖÐIN
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is




ulagnir ehf.
javík - GSM. 893 0585
om

Borgarlagnir ehf.
mrar 15 - 112 Reykjavík
558 - borgarlagnir@simnet.is

rlagnir ehf

pulagnaþjónusta
ipaþjónusta
GSM 898 1870

lagnir ehf
gnir S: 893 9110
112 Reykjavík
isamaria@btnet.is

RKJUN ehf.
GNINGAMEISTARI
10 Garðabær
avirkjun@internet.is

Lagnir
ur 11 - 200 Kópavogur
4300 & 894 3450
imnet.is















# Félag pípulagningameistara leggur inn kvörtun til umboðsmanns Alþingis

Stjórn Félags pípulagningameistara vinnur stöðugt að því að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna. Þar er af nógu að taka. Sótt er að löggildingu og meistararéttindum, réttindalausir stofna til reksturs í faginu, leppun er enn viðvarandi og áfram mætti telja. Verkfnin eru ærin og oft við ramman reip að draga.
Fyrir skömmu lagði stjórn Félags pípulagningameistara fram kvörtun til embættis Umboðsmanns Alþingis. Bréfið var útfyllt á sérstakt form og undirritað af Guðmundi Páli Ólafssyni, formanni félagsins og merki félagsins sett með til áherslu.
Enn er beðið svara frá embætti Umboðsmanns Alþingis.

Hér á eftir fer kvörtunarbréfið í heild sinni.

Félag Pípulagningameistara vill leggja fram kvörtun þess efnis að einstaklingar sem ekki eru löggildir Pípulagningameistarar geta stofnað einkahlutafélag með Pípulagnir sem aðal eða auka starfsgrein.

*43.22 **Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa** 43.22.0 **Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa** Til þessarar greinar teljast pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa, einnig viðbætur, breytingar, viðhald og viðgerðir. Til þessarar greinar telst: Uppsetning á eftirfarandi í byggingar eða önnur mannvirki: » pípulögnum, hreinlætistækjum og loftræstibúnaði » bræðsluofnum, kæliturnum » gasbúnaði » úðakerfi til brunavarna og úðakerfi fyrir grasflatir*

Í iðnaðarlögunum er það skýrt að löggilt iðngrein skal rekin undir forstöðu meistara og það er skýrt að það varðar sektum ef fyrirtæki er rekið í skjóli annars leyfis.

*8. gr. **Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum** [1] **settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara***
*15. gr. Það varðar sektum:*
*1. Ef maður rekur iðnað, án þess að hafa leyst leyfi, eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns.*
*2. Ef maður tekur að sér störf meistara, án þess að hafa leyst meistarabréf.*
*3. Ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistara til forstöðu.*
*4. Ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr.*

Það er því vegna þess að Félag Pípulagningameistara fer fram á það að umboðsmaður alþingis beini þeim tilmælum til Fyrirtækjaskrá að hætta nú þegar skráningu til einstaklinga nema þeir leggji fram gögn frá mannvirkjastofnum um að þeir séu með löggildingu í þeirri grein sem þeir eru að skrá fyrirtækið í.

## Svipmyndir frá Aðalfundi









Fundarmenn gæddu sér á girnilegu bakkelsi þegar kaffihlé var gert á Aðalfundinum.
Að fundi loknum skelltu margir sér á barinn og fengu sér einn kaldann. Svo þurfti náttúrlega að ræða málin og skiptast á nýjustu fréttum úr bransanum og var mjög létt yfir mannskapnum.






## Ráðherra í hópi Fagkvenna

Félag Fagkvenna, sem við sögðum frá í síðasta Fréttapípi, lét sig ekki vanta á Íslandsmót verk- og iðngreina í Laugardalshöllinni í mars. Þær smelltu upp stóru kynningarplakati og dreifðu bæklingum til grunnskólanema. Kristján Þór Júlíusson, menntamálaráðherra, tók beiðni ljósmyndara Fréttapíps um myndatöku afar ljúfmannlega. Á myndinni eru t.f.v.: Margrét Arnarsdóttir, nemi í rafvirkjun, Guðný Helga Grímsdóttir, nemi í húsgagnasmíði og Þeba Björt Karlsdóttir, byggingastjóri, rafvirkja- og símsmíðameistari.



# Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar








Föstudaginn 9. júní opnaði Húsasmiðjan nýja glæsilega Fagmannaverslun og Timbursölu að Kjalarvogi 12-14, spölkorn fyrir neðan verslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.

Boðið er uppá fyrsta flokks vörur og faglega þjónustu og ráðgjöf fyrir fagmenn. Gott rými og þægilegt aðgengi er að verslun og timbursölu, sem standa á rúmlega 17.600 m² lóð við Kjalarvog. Í húsnæðinu er að finna allt til alls fyrir smiði, pípara, málara og múrara. Í Timburversluninni er allt vöruúrval undir einu þaki með góðu akstursaðgengi, meira að segja fyrir stærstu flutningabíla.

**Fagmannakaffi Húsasmiðjunnar alla föstudaga**
Á föstudögum frá kl. 7:30 er morgunkaffi fyrir fagmenn í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í Kjalarvogi. Einnig er morgunkaffi í verslunum Húsasmiðjunnar í Grafarholti og Hafnarfirði kl. 8:00. Fagmenn, verið velkomnir.

# 1 stk. baðherbergi klárt

Sem kunnugt er þá er mikill skortur á fagmenntuðum iðnaðarmönnum í byggingariðnaðinum, enda mikil sigling á framkvæmdaaðilum. Gripið er til hinna ýmsu aðgerða til að mæta þessum aðstæðum. Eitt er það að flytja inn heilu baðherbergin í einingu. Allar lagnir og tæki eru í einingunni, sem hífð er inn í hverja íbúð og smellt á sinn fyrirframákveðna stað. Síðan eru lagnir tengdar og hurð sett á sinn stað. Eitt stykki baðherbergi tilbúið fyrir notkun. Það er húsnæðissamvinnufélagið Búseti sem flytur inn 170 slíkar einingar til notkunar í nýjar íbúðir félagsins. Með þessu fyrirkomulagi segjast Búsetamenn lækka byggingarkostnað og leysa vandann vegna skorts á pípulagningamönnum. Þessar aðferðir eru svo sem ekki nýjar af nálinni hér á landi. Slíkar baðherbergiseiningar voru einnig notaðar við stækkun Grand Hótels, skömmu fyrir hrun.

# Hugmyndaflug í góðu lagi!

Góða hugmynd að hnífaparageymslu bar bar fyrir linsu ljósmyndara Fréttapíps á veisluborði hjá Lagnalagernum. Algerlega ný nálgun. Spurning um að sækja um einkaleyfi á þessari lausn, eða hvað?



# Sælureitur FP á Spáni!

Nú er rétti tíminn til að skella sér í sólina á Spáni. Félag pípulagningameistara hefur um nokkurra ára skeið átt glæsilega húseign í Torrevieja á Spáni. Nýlega er búið að taka alla eignina í gegn, lagfæra og endurnýja. Húsið leigist út í 2 vikur frá maí til september, en á öðrum tímum eftir nánara samkomulagi. Upplýsingar má fá á www.piparinn.is. Burkni Aðalsteinsson hjá spanarhus.is, sími: 861-3053, sér um leigu á húsinu. Heimasíða er www.spanarhus.is, http://www.spanarfri.is/eign/skoda/60.



*Húsið er allt hið glæsilegasta. Vel fer um fimm til sex manns þar í gistingu.*


PALLAR.IS
Ál hjólapallar
Veggjapallar
Öryggisnet
Veðurnet
Seljum Alrex altrex tröppur og stiga





BRIMRÁS
Leigjum út BRIMRÁSAR ÁLTRÖPPUR & STIGA
SALA LEIGA
KVARNIR Sími: 564 6070
ÁLFHELLU 9 - 221 HAFNARFIRÐI
www.kvarnir.is

TRIPLUS Hljóðeinangrandi frárennslislagnaefni
valsir 30





VOTTAÐ AF: Nýsköpunarmiðstöð Íslands

COMISA lagnaefni álpex





VOTTAÐ AF: Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Í STÆRÐUNUM 16 MM TIL 63 MM
VATNSVIRKINN
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN
Smiðjuvegi 11 - 200 Kópavogur
Sími 510 1400 - Fax 510 1499
www.vatnsvirkinn.is

HÚSASMIÐJAN
FAGMANNAVERSLUN
...MEIRA FYRIR FAGMENN!

# Ný fagmannaverslun og timbursala

Sérverslun fagmannsins – Allt á einum stað í Kjalarvogi

Fagmannaverslun og timbursala Kjalarvogi 12 - 14 / sími: 525 3400 / www.husa.is



# STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

STOÐ
PALLALEIGA



# Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ

IÐAN fræðslusetur
www.idan.is




Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins.

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík
480 7000 | birta.is

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR




# Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

Gæði fara aldrei úr tísku

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is